



Fjölbrautaskóli
Suðurlands

ÖRSK1ÖR02 Öyggisfræði Kennsluáætlun – v 2021

Kennari: Guðríður Egilsdóttir

Skammstöfun: GE

Áfangalýsing :

Í áfanganum er fjallað um öryggismál og aðbúnað á vinnustöðum. Nemandi kynnist öryggisþáttum vinnustaða eins og neyðarútgöngum, viðbrögðum við bruna og öðrum þáttum er tengjast öryggismálum í matvælagreinum. Einnig er fjallað um grunnþætti er varða atvinnusjúkdóma.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og vinnuöryggi á vinnustöðum
- skipulagi brunavarna á vinnustöðum og kröfum um öryggismál
- vinnuslysum og helstu orsökum þeirra
- hvað þarf að hafa í huga varðandi tilkynningu vinnuslysa
- meðferð hættulegra efna
- mismunandi gerðum slökkvitækja og notkun þeirra
- mikilvægi réttar líkamsbeitingar og helstu atvinnusjúkdómum í matvælagreinum
- öryggiskröfum sem gerðar eru til tækja, véla og annars búnaðar sem notaður er við dagleg störf í matvælagreinum og eftirlitsskyldu með þeim

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- umgangast og beita öryggisbúnaði og tækjum
- umgangast hættuleg efni
- umgangast vélar og tæki af öryggi
- leita upplýsinga í lögum og reglum um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað
- bregðast við slysum á vinnustað

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bregðast rétt við hvers kyns utanaðkomandi hættum
- átta sig á réttindum og skyldum starfsmanna á vinnustað
- fyrirbyggja óhöpp og slys á vinnustað
- beita slökkvitækjum rétt
- greinir áhættuþætti í starfi í matvælagreinum nýtir öryggisvarnir og fylgir eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu og kann grunnþætti í fyrstu hjálp.

- **Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika	Námsefni: kennslubók, ljósrit, vefur Verklegur hluti og bóklegur hluti ofin saman í kennslu ásamt sýnikennslu	Verkefni
4 -10 jan.	Engin tími í stundatöflu þessa viku 1.	
11-17 jan	Kynning á áfanga og kennslubók sem allir þurfa að kaupa af Iðnú	
18-24 jan.	1 kafli Vinnuvernd Saga, tilgangur, Vinnueftirlit ríkisins, vinnustaðurinn	myndband Verkefni 1 Og gagnvirkar æfingu
25-31 jan.	Kafli 2 Vinnuverndarstarf Öryggismenning, þjálfun og kennsla Skyldur í vinnuvernd, áhætta, mat og greining áhættu. Mælingar á öryggismálum	Myndband , Verkefni 2 Gagnvirkar æfingar
1-7 feb.	Kafli 3 Félagslegir og andlegir þættir. Forvarnir, eineldi og kynferðisleg áreitni Ofbeldi,	Myndband Verkefni 3 Gagnvirkar æfingar
8-14 feb.	Kafli 9 Eldhætta Brunaflokkun , handslökkvitæki, brunavarnir	Myndband Verkefni 9 Gagnvirkar æfingar
15-21 feb.	Heimsókn í Brunavarnir Árnessýslu	Æfing að slökkva elda úr slökkvitæki
22-28 feb.	Kafli 5 Umhverfispættir Loftgæði Lýsing , hávaði og þrif	Myndband Verkefni 5 Gagnvirkar æfingar
1-7 mars.	Kafli 6 Hættuleg verk Vinna í lokuðrými, í hæð, við rafmagn og Störf í matvælaíðnaði	Myndband Verkefni 6 Gagnvirkar æfingar
8-14 mars.	Kafli 7 Hættuleg efni, Hættuleg lofttegundir, eldfim efni, Lífræn leysiefni, húðsjúkdómar, hættumerki Öryggisblöð.	Myndband Verkefni 7 Gagnvirkar æfingar
15.21 mars.	Kafli 8 Slys og sjúkdómar Vinnuslys Atvinnusjúkdómar , persónuhlífa, öryggismerkingar	Myndband Verkefni 8 Gagnvirkar æfingar

22-28 mars.	Upprifjun fyrir páska og uppsóp verkefna	
Páskafri		
7 – 11 apríl.	Kaflí 4 Vinnuvistfræði Hreyfi og stoðkerfi Skrifstofuumhverfi	Myndbönd Verkefni 4 Gagnvirkar æfingar
12-18 apríl.	Kaflí 10 Viðbragðsáætlanir , viðbrögð , h-in sex Rýming, Neyðarlína 1-1-2 . Heimsókn frá neyðarlínu	Myndbönd Verkefni Gagnvirkar æfingar
19.25 apríl.	Heimsókn í fyrirtæki eða öryggisfulltrúa	
26-apríl- 2 maí.	Uppsóp og verkefna yfirferð	
3-9 maí.	Tiltekt	

Sérreglur áfangans:

Í áfanganum getur fallið til viðbótarkostnaður vegna vettvangs- og vinnuferða. Nemendur þurfa að sjá sjálfir um að koma sér á þá vinnustaði sem þeir velja. Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku inn á moodle og bera ábyrgð á því að mæta undirbúnir í tíma.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Mæting og virkni	Mæting og virkni í tímum	30 %
Verkefni	Öll verkefni sem unninn eru á önninni	65%
Sjálfsmat	Tilgangur með sjálfsmati er að nemandi skilji til hver er ætlast af honum það eikur líka skilning á styrkleika og veikleika nemanda	5%

Lágmarkseinkunn 4.5. Nemendur ath. að áfanginn er símatsáfangi og ekki er möguleiki á endurtekt komi til falls í áfanganum.

Nemendur þurfa að undirbúa sig undir tíma og fylgjast með á kennsluvef Innu.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Guðríður Egilsdóttir kennari.